

Frásagnir Jónu Valgerðar Jónsdóttur. Lbs 4616 4to.

Frásögnin *Fyrsta jólatréð á Vestfjörðum* var skrásett af Jónu Valgerði Jónsdóttur (1878–1961) sem fæddist á Hnjóti í Örlygshöfn. Sagan er í Lbs 4616 4to. Í handritinu er einnig varðveitt sjálfsævisaga hennar sem prentuð var í *Árbók Barðastrandarsýslu* árin 2018 og 2022. Þátturinn af jólatrénu hefur meðal annars verið prentaður í *Árbók Barðastrandarsýslu* árið 2022.

Guðrún Ingólfisdóttir, mars 2025.

Fyrsta jólatréð á Vestfjörðum

Það mun hafa verið um 1880 að sýslumaður sá var í Barðastrandarsýslu er Adam Fischer hét og var hann danskur í aðra ætt en kona hans hét Eva og var aldönsk. Þau áttu margt barna. Það var Eva Fischer sem fyrst tendraði jólatré á Patreksfirði. Hún var vel lærð kona og spilaði á píanó og söng og hafði skóla fyrir börnin sín á vetrum. Eftir það var þeim sið haldið við eftir hana farna. Þetta þótti mikil nýjung. Ég sá þetta eitt sinn og hreifst af því, áður þekktist ekki þvílíkt, aðeins eitt og eitt kerti steypit úr tólgi.

Það var veturinn 1899 að ég kveikti fyrst sjálf ljós á jólatré. Það var í Kollsvík. Bróðir minn Torfi bjó það til eftir minni fyrirsögn, svo málaði hann það grænt. Álmur voru 12 og kross í toppi. Ég steypiti kerten úr tólki.¹ Einhverjir smápokar héngu á greinunum með rúsínum og kandísmolum. Annað var ekki til að skreyta með nema sortulyng er börnin rifu upp úr klakanum. Mikil var tilhlökkunin hjá öllum. Enginn sem þarna var hafði áður séð jólatré.

Það var komið aðfangadagskvöld og öll börnin í báðum bæjunum voru búin að fara í bestu fötin sín, öll útiverk voru búin. Við systkin, Torfi og ég, fórum inn í stofu þar sem jólatréð stóð og beið þess að kveikt væri öll litlu ljósin. Ekkert barnanna mátti koma inn fyrr en allt væri tilbúið. Nú gáfum við merki með því að slá stórri lyklakippu í bollabakka og inn streymdi allur skarinn, 20 að tölu, stór og smá. Eitt þeirra var litli Bjartur, nú Guðbjartur hafnsögumaður. En sú undrun og gleði er lýsti sér af andlitum litlu barnanna sem aldrei áður höfðu séð þvílíka ljósadýrð og mörgum fullorðnum og gömlum konum hrundu tár af hvarmi. Þá hófst söngur, *Í Betlehem er barn oss fætt* og *Heims um ból*, og svo mörg ættjarðarljóð. Allir skemmtu sér hið besta.

En einn var sá er ekki gat verið viðstaddur. Það var faðir minn. Hann lá í rúmi sínu niður í litlu herbergi í kjallaranum, kominn yfir 80 ár og hafði aldrei jólatré séð. Við tókum því tréð og bárum niður til hans með flögrandi ljósunum og settum það við rúm hans. Áður lifði þar aðeins á lýsislampa. Hann settist upp er við komum og sagði: „Þar sé ég nú í fyrsta sinn líking af ljósum þeim er leiftruðu hina fyrstu jólanótt. Hafið þið kæra þökk fyrir komu ykkar“. Og meðan

¹ Helga skrifari ýmist tólg eða tólki.

síðustu kertin voru að brenna út söngum við jólasálma og hann, sem þó nú upp á síðkastið hafði ekki getað sungið fyrir þungu lungnaerfiði, söng nú með. Og síðast söng hann einn þetta erindi:

Aðfanga dagur dauða míns,
drottinn nær kemur að,
hyl mig í undum hjarta þíns,
hefi eg þar góðan stað,
eilífrar sælu eg svo jól,
jafnan haldi með þér,
þá er upp runnin sú mér sól,
sem eg þrái hér,
hlakkandi fer þá hugurinn,
heim í gleði salinn þinn,
upp á þá hryggðar hreina skál
eg vil enn drekka fús,
þegar þér drottinn þykir mál,
þá leið mig í þín hús,
eg befel þér hjarta, sinni, sál,
sætasti minn Jesús.

Nú var síðasta kertaskarið að slokkna, við buðum góðar nætur og fórum með fyrsta og síðasta jólatréð er öldungurinn sá.

Gömul saga af Vestfjörðum var skrásett af Jónu Valgerði Jónsdóttur (1878–1961) sem fæddist á Hnjóti í Örlygshöfn. Sagan gerist þegar hún var 17 ára vinnukona hjá Torfa bróður sínum í Kollsvík. Torfi ákvað að heyja í Mávakömbum og telur Jóna Valgerður að það hafi verið í fyrsta og síðasta skiptið sem það var gert. Sagan er varðveitt í Lbs 4616.

Guðrún Ingólfssdóttir, mars 2025.

Gömul saga af Vestfjörðum

Saga þessi gerðist, eða frásögupáttur, fyrir 65 árum eða þegar ég var 17 ára. Ég býst við að mörg ykkar sem lesið hana finnist hún ósennileg. En svo vill nú til að menn eru til þar vestra sem ég hefi fyrir stuttu talað við og voru með og heitir einn þeirra Ólafur og á heima á Patreksfirði, gamall skútuskipstjóri. Bróðir minn Torfi bjó þá í Kollsvík, ég var hjá honum vinnukona.

Torfi var mesti atorkumaður, bæði við búskap og sjósókn enda þurfti margs með, börnin voru mörg, 11 að tölu. Túnið var bæði sendið og þýft og gaf lítið af sér og þetta sumar var lítið töðufall. Svo í byrjun ágúst gerði norðan storma og ekki gaf heldur á sjóinn og undi Torfi því illa að hafast ekki að.

Þá var það einn morgun snemma að Torfi stendur við rúm mitt í baðstofunni, vekur mig og segir:

„Farðu að vakna og smala kvíaránum og mjalta þær. Þegar þú ert búin að því kemur þú til mín með morgunmatinn“.

„Hvert ætlar þú“, spyr ég.

„Ég ætla norður í Mávakamba, þar er nóg gras“.

„Ég kemst ekki þangað til þín ofan í klettana“.

„Þú ferð bara út klettabrúnina og þegar þú kemur þar er þú sérð sveran kaðalenda vera bundinn um jarðfastan stein, en hinn endann lafa fram af klettabrúninni, þá ferð þú ekki lengra og bíður þar til ég kem“.

Svo kveður hann.

Ég fór strax að hypja mig í spjarirnar og á stað að smala. Allt gekk það sæmilega. Ég mjaltaði ærnar og rak þær á haga. Þegar heim kom var tengdasystir mín að skammta morgunmatinn í askana. Var það sauðaskyr og harðfiskur og smjör og mjólk. Ég sagði:

„Hann Torfi sagði mér að færa sér matinn til sín“, hann kæmi ekki heim til að borða.

„Hvert fór hann? Fór hann nú að slá í klettunum eins og hann var að tala um í gær? Mikil er sú dirfska. Guð hjálpi honum. Hérna er askurinn þinn. Borðaðu áður þú ferð“.

Í því kemur Ólafur vinnumaður og segir:

„Hann sagði mér að koma með 2 reiðingshesta um nóneytið út á brún. Hvert þér verður ekki kalt Jóna litla ef þú átt að norpa þar í þessum rosa í allan dag? Þú ættir að klæða þig vel“.

Með það fór hann.

Ég tók skyraskinn og hornspón og át eða öllu heldur hámaði skyrið með súrum áfum út á. Síðan fór ég út úr bænum, norður hlíðina, með skyraskinn í annarri hendi en mjólkurflösku og harðfisk í hinni. Ég hélt upp undir klettabeltið, þar er kallaðar eru Skekkingar. Þar fór ég upp á fjallið og upp á Sanddal, svo út með klettabrúninni. Ekkert var á að ganga nema eggjagrjót og gamburmosi og í stöku stað í lautum kærkiberjalyng. Loks kom ég þar er kaðalenda var bundið um jarðfastan stein einn, hinn endinn hékk fram af klettabrúninni. Hér var merkið er ég átti að bíða hjá.

Ég lagði frá mér vistaforðann og fór að litast um. Þarna var víðsýnt, sást vítt til veggja og hátt til. Hafíð blasti við mér. Hafíð var úfið og faldaði víða hvítum brimsköflum og stormurinn næddi um mig svo ég var farin að skjálfa. Enn hvað mér fannst ég smá og einmana í allri þessari stóru veröldu. Mér kom í hug eitt erindi er ég hefði lært og það er svona:

Hvað er eg á meðal miljón manna
sem byggja jarðarskaut?
Hvað er eg í keðju kynslóðanna,
koma, lifa fara svo á braut.
Ekkert, ekkert, utan skugga mynd,
utan bóla bandi í, háð og synd.

Hefir nú Torfi hrapað í klettunum? Því kom hann ekki. Hvað átti ég að skjálfa hér lengi. Ég fór að gráta og biðja Guð. Í því sá ég á höfuð á bróður mínum upp fyrir klettabrúnina hamast við að borða. Ég skelf en segi fátt þar til bróðir minn segir:

„Ertu búin að bíða lengi?“

„Já“.

„Því varstu að gráta?“

„Ég hélt þú værir hrapaður úr klettunum og svo er mér svo kalt“.

„Þú drepst að híma hér í allan dag í storm og nepjunni. Komdu niður í klettana með mér þar er logn og sólskin“.

„Ég þori það ekki“.

„Þú hrapar ekki frekar en ég ef þú bara ferð að eins og ég segi þér“.

Ég þorði ekki annað en hlýða. Hann segir:

„Bara þú værir ekki í þessu pilsu, þú verður að binda það um mitti þér og svo lætur þú kaðalinn í millum fóta þér. Já, svona“.

Ég þorði ekki annað en gera eins og hann skipaði, en öll skalf ég. Hann gerði ver fyrir neðan á vaðnum. Við höldum um vaðinn með báðum höndum, létum okkur síga fram af klettabrún og tylltum með tánum í bergið. Svona sígum við niður eina 10 faðma, þar komum við í grashillu og voru klettarnar brattir fyrir ofan og neðan. Þar var logn og sólskin.

„Hér skalt þú bíða þar til þú heyrir í Ólafi upp á brúninni, þá kippir þú svolítið í kaðalinn og þá kem ég upp til þín því ég er ekki búinn að slá upp á hestana. Svo á Ólafur að draga heyið upp“.

Þarna settist ég nú að og blessað sólin vermdi mig. Bara ég hefði nú haft með mér eitthvað að lesa eða læra en því miður hafði ég ekkert nema 2 smáhnýkla, hvítan og rauðan af bandi og heklunál úr hvalbeini. Þessu hafði ég stungið í vasa minn á þykka, svarta vaðmálsþilinu mínu. Nú kom þetta sér í góðar þarfir, nú skyldi ég nota stundina og hekla úlniðaskjól. Þau ætlaði ég að gefa honum Ólafi, honum væri svo oft kalt er hann væri að standa hjá fénu á veturnar, og svo féll okkur svo vel þegar við vorum 2 ein að vinna saman.

Ég heklaði, já þetta skyldi nú enginn komast á snoðir um, ekki einu sinni hún Málfríður kærasta Hákonar bróður míns. Hún var þá vís til að fara að stríða mér með honum Ólafi en það vildi ég ekki. Ég vissi að henni Dóru á Grundum leist svo vel á hann Ólaf og mér var svo vel við hana Dóru, miklu, miklu meira en mína eigin systir. Hún móðir hennar hafði líka svo oft látið Dóru kalla til mín er ég fór þar hjá garði og gefið mér góðan bita þegar ég var svöng. Og þá hann faðir hennar, þegar ég gekk fram hjá búðinni hans í verinu, þá opnaði gamli maðurinn verskrínuna og skar væna kæfusneið upp úr henni og stóra hlóðarbrauðsneið með súru sauðasméri og stakk þessu öllu í svuntuna mína, sem vani var að hafa uppbrotna og láta bandhnykilinn velta í því. Alltaf gekk maður þrjónandi.

En ég hrökk við, ég heyrði að einhvers staðar var verið að kalla, ég hafði gleymt stund og stað. Ég áttaði mig, það var víst hann Ólafur, hann var kominn með hestana. Ég kippti í kaðalinn og innan stundar klifraði Torfi upp til mín. Svo fór ég líka á kaðalinn og við höluðum okkur sömu leið upp á bergið. Þar er Ólafur fyrir og segir er hann sér mig:

„Ég hélt þig dauða, annaðhvort hrapaða eða króknaða úr kulda. Þetta sendi hún móðir þín þér að vefja um höfuð þér ef ég fyndi þig lifandi“.

„Mér hefur ekki verið kalt í dag. Seinna skal ég segja þér hvað ég hef haft fyrir stafni og hvað ég var að hugsa“.

Nú fór Torfi einn niður vaðinn og batt heyið í endann en við Ólafur drógum upp. Var það erfitt verk. Oft sat allt fast, þá sögðum við hvort við annað: „Hertu þig nú lyddan þín“, allt í gamni. Og þegar allt heyið var upp komið og Torfi kominn, dró hann upp vaðinn og reiddi hann ofan á milli sátanna á öðrum hestinum en við gengum. Og með heilu og höldnu komumst við öll til bæja. Ekki býst ég við að neinn hafi fyrr né síðar heyjað Mávakamba á Blakknesi við Patreksfjörð.